



ÁSLANDSSKÓLI - FRÉTTABLAÐ

DYGDÁ-FLÓRGOÐINN

EFNI FRÁ NEMENDUM

Meðal efnis í þessum Flórgoða:

- Allt efni í þessum Flórgoða er frá nemendum.
- Í blaðinu er efni um **vináttu**, **dugnað**, **heiðarleika**, **þolinmæði** og **klærleika**.

VINÁTTA

Um vináttu

Eftir
Arndísi Emblu Jónsdóttur
Fjallheimum

Ein leið til að eignast vin er að vera vinur sjálfur.

Notið vináttu eins og bankainnistæðu, ef ykkur sýnist svo en gleymið ekki að leggja inn á reikninginn öðru hvoru.

Án trúnaðar er engin vinátta.

Hin gullna regla vináttunnar: Hlustaðu á aðra á sama hátt og þú vilt að aðrir hlusti á þig.

Vinátta byggist á því að gleyma því sem maður hefur gefið og muna hvað maður hefur fengið

Það eitt að sjá orðið vinátta á prenti, hlýjar manni um hjartaræturnar.

HEIÐARLEIKI & KÆRLEIKUR

Ljóð um heiðarleika
Eftir
Hönnu Lind Sigurjónsdóttur
ÁLFAHEIMUM

Heiðarleiki er flott, heiðarleiki er gott. allir eru saman það er rosa gaman.

Allir segja satt frá morgni til dags. Það gerum við strax og hestar hafa fax.

Ljóð um kærleika
Tekið saman af
Lovísu Björt Henningsdóttur
JARÐHEIMUM

Tvö hjörtu um hlaupa hjartsláttur þeirra ör Koffín fíkn kætir kærleiki þeirra á milli.

Við hin horfum á óþolinmóð hjörtu sem saman eiga að vera eru saman sem Sólin og Vatn lífsgjafar ástar og manna.

Texti um heiðarleika
Eftir
Rakel Valeríu Jóhannsdóttur
JARÐHEIMUM

Enginn arfur er jafn verðmætur og heiðarleikinn. Heiðarleiki borgar sig.

Óþægilegur sannleikur er betra en gagnleg lygi. Heiðarlegur maður er göfugasta verk Guðs.

Heiðarleiki er að vera það sem við segjumst vera.

Segðu satt og vertu heiðarlegur það er betra að segja satt heldur enn að vera óheiðarlegur.

DUGNAÐUR

Anna lata

Eftir Gunnhildi Skarphéðinsdóttur 4-HS
ÓÐINSHEIMUM

Hún Anna var kölluð Anna lata af því að hún gerði aldrei neitt af viti. Það eina sem hún gerði var að horfa á sjónvarpið, borða, fara í tölvuna og náttúrulega þörf allra manna, að fara á klósettið.

Önnu lötu gekk ekki vel í skólanum af því að hún hlustaði aldrei á kennarann. Það eina sem hún gerði í skólanum var að krassa á allar skólabækurnar.

Mamma og pabbi hennar Önnu voru harðákveðin að gera eitthvað í þessu erfiða máli. Þau hugsuðu sig lengi um þar til að pabbinn sagði: Þegar Anna sofnar skulum við taka öll sjónvörp og allar tölvur og svo setja bara hollan mat í ísskápinn.

Daginn eftir, þegar Anna lata kom heim sá hún að allt var horfið. Hún skildi ekkert í þessu þannig að hún ætlaði bara að fá sér að borða en þá var bara enginn matur í ísskápnum nema bara einhverjir ávextir.

Hún ákvað að hringja í mömmu sína og þegar hún hringdi heyrði hún mömmu sína svara. Anna dreif sig að segja, mamma, það er allt horfið. Nei sagði mamma hennar, við pabbi þinn tókum allt þetta dót af því að þú ert ekki nógu dugleg að gera verkin þín og sína dugnað. Við verðum að vera strangari við þig Anna lata.

Önnu fannst þetta nú vera alveg satt þannig að hún breytti þessu öllu. Í fyrsta lagi borðaði hún bara hollan mat, stóð sig vel í skólanum, lærði alltaf strax eftir skóla og gerði öll skylduverkin sín. Eftir þetta var hún aldrei kölluð Anna lata. Nú hafði Anna sýnt dugnað við það að bæta sig og gera öll skylduverkin sín daglega .



Ljóð um dugnað HRAFNSHEIMAR

Ljóðið mitt um dugnað

Ég skalla, sparka, verst.
Fæ boltann í mig, fórna mér.
Og hleyp allan leikinn.
(Andri Scheving)

Ljóðið mitt um dugnað

Ég sýni dugnað að vera duglegur í júdó.
Líka að hlýða mömmu og líka pabba.
Svo er ég líka duglegur að læra.
Ég er mjög duglegur að lesa.
(Aron Hafnfjörð)

Ljóðið mitt um dugnað

Ég er dugleg í fótbolta.
Ég er líka dugleg að passa Mása.
Ég er duglega að hjálpa pabba að passa Rannveigu meðan hann les.
(Dagrún Birta)

Dugnaður

Eftir Pétur Már Gíslason 8-MR
HNJÚKAHEIMUM

Dugnaður er mikilsverður
endar er hann þannig gerður
að hver sá sem notar hann
verður góður við sérhvern mann.

Dugnaðurinn engan svíkur
endar er hann engu líkur.
Hann verkefnunum flýtir
og aðgerðarleysið nýtir.

VINÁTTA & ÞOLINMÆÐI

VINABAND

Ljóð frá GOÐAHEIMUM

Vinir vilja leika saman
af því að það er svo gaman.
Fara saman í "fallin spýta"
Og sitja saman,
leika saman,
gista saman.
Fara saman á trampólín.
Fara saman á klósettið.
Vinir perla saman
og búa til vinaband.



VINÁTTA

Ljóð frá TUNGLHEIMUM

Vinátta traust, trú og sæt
alltaf jafn þrúð og góð
vinátta er best og ekkert
getur bætt það!

Höf. Arna Rún Jónsdóttir

Vinátta er að eiga vini, allir eiga vini
þú átt vini, ég á vini og þið eigið vini.
Allir treysta vinum, allir standa með vinum.
Mér finnst, þér finnst,
öllum finnst gaman að eiga vini

Höf. Sara Sif Liljarsdóttir

Vinir eru kannski fróðir
en eru alltaf góðir
voða skemmtilegir
og vilja vera með þér.

Höf. Jón Gunnar Kristjónsson

ÞOLINMÆÐI

Samantekt Ragnheiður Ragnarsdóttir FJALLHEIMUM

Er einhver þolinmæði eftir hjá mér?
ég er ekki viss
ég er að gefast upp og veit ekki hvað ég get gert
það er ekkert lengur athyglisvert
ekkert sem vekur áhuga minn á
það eina sem heldur mér á lífi er gömul þrá
að rætast muni úr mér, en sá draumur er mig að þjá
því ég veit, að þeim áfanga mun ég aldrei ná
ég var fæddur sem mistök
ekki neita því ef þú hefur engin rök
en það er samt engra sök
ég hef alltaf verið svona
sitjandi í myrkri og vona
að skýin muni hverfa frá mér og birta skín inn
ég hef allt reynt, allt sem ég get í hvert sinn
ég fæ mitt tækifæri til að sanna hvað í mér væri
en ég fell á öllu sem mér er boðið

VINÁTTA

Eftir Sólveigu Lilju Rögnvaldsdóttur, 4-HS, ÓÐINSHEIMUM

Einu sinni voru vinir sem hétu Maggi og Skjala. Skjala var eins árs og Maggi líka.

Nú byrjar sagan:

Einu sinni voru vinir sem hétu Maggi og Skjala. Þau voru skjaldbökur.

Einn góðan veðurdag kom Skjala til Magga. Maggi var hins vegar mjög hugsi. Skjala spurði hvað hann væri að hugsa um. Hann svaraði mjög lágt, „Um vináttu“ sagði Maggi. „Nú?“ sagði Skjala. Maggi sagði „Bara að hugsa um nokkrar spurningar.“

„Hei“ segir hann allt í einu „Fyrst þú ert hér núna geturðu þá svarað þeim?“ spurði Maggi.

„Allt í lagi“ segir Skjala, hvaða spurningar? Spyr hún.

Maggi segir; hvað er vinátta?

Skjala; t.d. ef við værum að fara að róla og það er bara ein róla, þá leikum við saman í henni. „Okey, en hvernig eiga vinir að vera?“

Skjala; t.d. Góðir við hvern annann.

„Okey“ sagði Maggi, „en hvernig vinur er ég?“

Skjala sagði að hann væri besti vinur sem hver manneskja gæti óskað sér.

„Og þú ert besti vinur minn“ sagði Maggi.

DUGNAÐUR

Dugnaður

Eftir Krístrúnu Helgu Valþórsdóttur
TUNGLHEIMUM

Dugnaður er þegar maður stendur fyrir sínu og þegar maður er duglegur að vinna eða er duglegur í íþróttum.

Maður sýnir dugnað þegar maður er duglegur í öllu sem að maður gerir.

Dugnaður er líka þegar maður gerir allt sem að maður á að gera og þegar einhver er að stríða manni að láta hann/hana í friði.

ÞOLINMÆÐI

Samantekt: Marín Dögg Bjarnadóttir
FJALLHEIMUM

If I have ever made any valuable discoveries, it has been owing more to patient attention, than to any other talent.
(Homer Simpson)

Patience serves as a protection against wrongs as clothes do against cold. For if you put on more clothes as the cold increases, it will have no power to hurt you. So in like manner you must grow in patience when you meet with great wrongs, and they will then be powerless to vex your mind.
(Isaac Newton)

DUGNAÐUR FRÁ DULHEIMUM

Nemendur í Dulheimum áttu að svara spurningunni hvað dugnaður er og komu mörg góð svör einnig áttu þau að finna ljóð/texta sem tengist dygðinni.

Dugnaður er:

Þegar fólk leggur sig fram við það sem það er að gera og skilar hlutunum vel frá sér.
Ásta Margrét

Að gera hlutina ekki með hangandi hendi.
Íris

Að hjálpa til heima hjá sér.
Hermann Þór

Að gera það sem maður gerir vel.
Erna Rut

Eitthvað sem maður vinnur sér inn og fær hrós fyrir
Guðrún

Að leggja mikinn metnað í það sem maður gerir.
Gunnar Aðalsteinn

Að gera eitthvað án þess að vera beðin um það.
Lilja Sif

Dæmi um texta/ljóð sem nemendur fundu:

Gamli Nói (keyrir kassabil)
Ryksugan á fullu
Ég negli og saga.
If you need a helping hand.
Keep holding on.
Tárið.
Hann afi á Ísó



Kríúási 1
221 Hafnarfirði
Sími: 585 4600
Bréfsími: 585 4610
www.aslandsskoli.is
aslandsskoli@aslandsskoli.is

www.aslandsskoli.is

FLÓRGÖÐINN

Fréttablað
Áslandsskóla

Ábyrgð, hönnun, umbrot og skrif:
Leifur S. Garðarsson
skólastjóri